

Stefnandi hefir mótmælt frávisunarkröfunni. Telur hann, að nefndur gerðardómur hafi aðeins kveðið á um skilning á samningi þeim, er þá gildi milli málsaðilja, og með því að því ákvæði hins eldra sammings, sem gerðardómurinn skýrði, hafi verið breytt með samningi málsaðilja, dags. 1. maí 1940, þá verði skilningur gerðardómsins ekki lagður til grundvallar um rétt og skyldur aðiljanna að þessu leyti eftir 1. maí 1940. Þá heldur stefnandi því fram, að það skipti máli fyrir sig að fá úr því skorið, hvort um brot hafi verið að ræða í framkvæmd verksins, enda þótt því sé nú lokið, m. a. með tilliti til mögu-legrar skaðabótakröfu.

Úrskurður gerðardómsins kveður á um það, hver réttur málarameistaranna var samkvæmt samningi þeim, er þá gildi milli málsaðilja. Upplýst er, að sammingsákvæði því, er gerðardómurinn skýrði, hefir nú verið breytt með samningum frá 1. maí 1940. Eins og málið liggur nú fyrir, verður ekki fullyrt, að úrskurður gerðardómsins standi óhaggaður eftir sem áður. Stefnandi á rétt til að fá úr því skorið hér fyrir dómi, hvort samningurinn frá 1. maí 1940 hafi verið brotinn og gildir það jafnt fyrir því, þótt málningu í húsi háskólans sé nú lokið, þar sem ekki er útilokað, að það skipti máli fyrir hann að fá dómsúrlausn um það, hvort um brot af hálfu meistaranna hafi verið að ræða í sambandi við vinnu þessa. Samkvæmt framansögðu verður frávisunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 10. desember 1940.

Nr. 10/1940. **Málarasveinafélag Reykjavíkur**
gegn

Málarameistarafélagi Reykjavíkur.

Varadómari Sigurgeir Sigurjónsson í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar.

Kjarasamningur milli málarameistara og málarasveina ekki talinn hafa áhrif á ákvæði áðurgerðra verksamninga meist-

aranna, þótt ákvæði kjarasamningsins yrðu ekki samrímd ákvæðum verksamninganna.

Dómur.

Með samningi, dags. 4. nóv. 1939, tók málarameistari Ósvaldur Knudsen að sér „málningu, sem framkvæmd verður nú í kjallara og fyrstu hæð háskólabýggingarinnar“, eins og það er orðað í samningnum, og með samningi, dags. sama dag, tekur Ludvig Einarsson, málarameistari, að sér „málningu, sem framkvæmd verður nú á 2. og 3. hæð háskólabýggingarinnar“. Málarasveinafélag Reykjavíkur taldi það brot á samningi þess við Málarameistarafélag Reykjavíkur, dags. 14. júní 1939, að tveir eða fleiri meðlimir í meistarafélaginu tækju að sér verk í sömu nýbyggingu og krafðist þess, að ekki tæki nema einn málarameistari að sér málningarvinnu í háskólanum. Var atriði þessu skotið til gerðardóms, og féll úrskurður hans á þá leið, að kröfur sveinafélagsins voru ekki teknar til greina. Var gerðardómur þessi uppkveðinn 26. des. f. á. og hófst þá málningarvinna í háskólanum, og sáu ofangreindir málarameistarar um verkið. Í maí eða júní þ. á. var gerður kjarasamningur milli aðilja máls þessa, og gildir sá samningur frá 1. maí s. l. Er 13. gr. hans svo hljóðandi: „Heimilt skal málarameisturum að stofna til félags-skapar innan iðninnar, enda sé það skrásett firma, þó ekki fleiri en 2 saman, og skal stjórnnum beggja félaganna tilkynnt það með minnst mánaðar fyrirvara, enda undirriti þeir báðir sameiginlega kaupgjaldsskrá. Óheimilt er fleiri en einum meistara að vinna samtímis í sömu byggingu fyrir sama verkkaupa, nema um löglegt firma sé að ræða, sbr. fyrri málsgrein“. Er síðari hlutinn nýmæli í samningum félaga þeirra, er standa að máli þessu, og mun hafa verið sett inn í samninginn vegna niðurstöðu gerðardómsins um það, að framan-greindum meisturum væri báðum heimilt að taka að sér verk í sömu byggingunni. Málningarvinna nefndra meistara í háskólanum stóð yfir til 15. júní þ. á. Einhverjar tafir munu hafa orðið á verkinu á þessum tíma. En hinn 17. júní var háskólinn vígður, svo sem alkunnugt er, og var þá nokkuð af byggingunni ómálað.

Næstu 3 mánuði, eða fram undir miðjan september s. l., var ekkert unnið að málningu í byggingunni, en þá byrjar

Ósvaldur Knudsen aftur að mála þar og málar þá það, sem eftir var af þriðju hæð hússins og nokkurn hluta kjallarans, og mun því verki hafa verið lokið um mánaðamótin október og nóvember s. l. Nokkru fyrir miðjan október, að því er virðist, tekur Ludvig Einarsson að mála hluta af kjallara hússins, og mun hann hafa lokið því verki um sama leyti og Ósvaldur lauk sínum hluta. Hinn 15. október s. l. sendir málarasveinafélagið kæru til málarameistarafélagsins vegna þess, að tveir málarameistarar máli þá samtímis í háskólabyggingunni. Þeir Ósvaldur og Daniel annars vegar, en þeir eru í félagi, og Lúdvig Einarsson hins vegar. Telur sveinafélagið, að þetta sé brot á gildandi samningi milli félaganna. Ekki verður séð, að meistarafélagið hafi sinnt þessari kæru, en nokkur bréfaskipti fóru fram milli Ludvigs og sveinafélagsins, er nánar verður vikið að síðar. En þar mótmælir Ludvig því, að vinna hans í háskólabyggingunni, samhliða vinnu Ósvalds þar, fari í bág við samning félaganna.

Þessum undirtektum vildi Málarasveinafélag Reykjavíkur ekki una og höfðaði mál þetta með stefnu, dags. 4. nóv. þ. á., gegn Málarameistarafélagi Reykjavíkur. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda sé talið óheimilt að láta fleiri en einn meistara vinna samtímis í sömu byggingu hjá sama verktaka, nema í samræmi við 13. gr. núgildandi samnings milli aðilja máls þessa, og að það verði dæmt brot á nefndum samningi, að málarameistarafirmað Ósvaldur og Daniel annars vegar og Ludvig Einarsson málarameistari hins vegar, unnu samtímis í háskólabyggingunni í s. l. október. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda kr. 200.00. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, samkvæmt mati dómsins.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að samkvæmt 13. gr. núgildandi kjarasamnings milli hans og stefnda sé óheimilt að fleiri en einn málarameistari vinni samtímis í sömu byggingu fyrir sama verkkaupa, nema um skrásett firma sé að ræða. Gildi samningur þessi frá 1. maí þ. á. Nú hafi eitt málarameistarafirma, Ósvaldur og Daniel annars vegar og málarameistarinn Ludvig Einarsson hins vegar, unnið samtímis í háskólabyggingunni fyrir sama verkkaupa eftir 1. maí s. l. Hafi málarasveinafélagið látið það afskiptalaust að því er snertir vinnu þá, er unnin var til 15. júní s. l.,

en vilji nú ekki hlíta áframhaldandi broti á gerðum samningum, að því er varðar haustvinnuna í háskólabýggingunni, enda hafi þá hafizt nýr þáttur í málningarvinnunni í nefndri byggingu, því hinum upphaflegu samningum milli málarameistaranna og byggingarnefndar háskólans um málningu á oftnefndri byggingu hafi verið fullnægt, er verkinu lauk 15. júní s. l. Hafi verið um nýja samninga að ræða, að því er varðaði vinnu þá, er unnin var í haust, í september og október, og því tvímælalaust skylda meistaranna að taka þá fullt tillit til ákvæða 13. gr. núgildandi kjarasamnings málsaðilja.

Stefndi hefir í flutningi málsins tjáð sig sammála framangreindum skilningi stefnanda á ákvæðum 13. gr. núgildandi samnings milli aðilja máls þessa, og telur hann, að stefnanda sé þess engin þörf að fá dómsúrlausn um það atriði. En með því að ekki verður fullyrt, að það skipti engu máli fyrir stefnanda að fá dómsúrlausn um kröfu sína að þessu leyti, og skilningur hans á greindum ákvæðum greinarinnar kemur heim við efni og orðalag hennar, ber að taka kröfu hans að þessu leyti til greina.

Stefndi mótmælir því hins vegar eindregið, að málarameistarafélagið sem heild, eða einstakir meðlimir þess, hafi brotið 13. gr. núgildandi samnings milli aðilja máls þessa með framkvæmd á málningarvinnu í húsi háskólans, og krefst hann sýknu af þeim kröfuflið stefnanda. Byggir hann sýknukröfu sína á því, að samkvæmt áðurnefndum samningum þeirra Ósvalds og Ludvigs, dags. 4. nóv. 1939, hafi þeir tekið að sér alla málningarvinnu í húsi háskólans. Nú hafi gerðardómurinn skorið úr um rétt meistaranna til þessa verks, og geti síðari samningsákvæði milli meistarafélagsins og sveinafélagsins ekki leitt til þess, að fella þyrfti úr gildi áðurgerða verksamninga þeirra. Heldur stefndi því fram, að málning sú, er framkvæmd var s. l. haust í háskólabýggingunni, og lýst er að framan, sé beint áframhald þeirrar vinnu, er unnin var þar fyrrihluta ársins, því haustvinnan sé framkvæmd samkvæmt áðurnefndum verksamningum og til fullnægingar þeim.

Þegar gengið var frá samningum milli aðilja máls þessa s. l. vor og 2. másl. 13. gr. tekinn upp í þá, var ekki gerður neinn áskilnaður af hálfu sveinafélagsins um það, að áðurgreindum málarameisturum væri óheimilt að halda áfram vinnu samkvæmt samningunum frá 4. nóv., þar til því verki

væri lokið. Var þeim því heimilt að halda verkinu áfram á sama hátt og áður hafði verið, meðan þeir voru að inna af hendi skyldur sínar samkvæmt þeim samningum. Koma þá til athugunar þær staðhæfingar stefnanda, að nýtt verk hafi hafizt, er byrjað var að mála á ný í september s. l. Ekki verður fallizt á þá skoðun stefnda, að með verksamningnum frá 4. nóv. f. á. hafi verið samið um alla málningu í húsi háskólans. Eins og getið er um í upphafi dóms þessa, taka þar greindir meistarar að sér þá „málningu, sem framkvæmd verður nú“ eins og það er orðað og verður að telja, að þetta ákvæði feli í sér fyrirvara um það af hálfu verkkaupa, að honum sé ekki skylt að láta framkvæma málningu á öllu húsinu þá þegar, heldur eigi verksali aðeins rétt til þeirrar vinnu, er verkkaupi lætur framkvæma í fyrstu atrennu. Þegar verkinu lýkur 15. júní þ. á., verður fullkomið hlé á málningarvinnu í háskólabyggingunni í þrjá mánuði.

Í bréfi, sem Lúdvig Einarsson skrifar málarasveinafélaginu 15. okt. s. l. í tilefni af því, að honum hefir borizt til eyrna, að félagið teldi það brot á gildandi samningum milli aðilja máls þessa, ef þeir Ósvaldur ynnu samtímis í háskólabyggingunni, vekur hann athygli á því, „að verk það, sem nú er verið að vinna í háskólanum, er ekki unnið fyrir sama verkkaupa, heldur eru þeir tveir, sem fyrir verkið eiga að greiða“. Enn fremur segir í sama bréfi: „Nú í haust var afráðið, að öll háskólabyggingin skyldi tekin til notkunar, og var farið fram á það við mig, að ég lyki við málningu á efstu hæð hússins“. Og í bréfi til sama félags 19. okt. endurtekur hann þá fullyrðingu sína, að verkkauparnir séu nú tveir, ríkissjóður annars vegar, en háskólinn og stúdentagarðurinn hins vegar. Loks má geta þess, að framkvæmd málningarinnar s. l. haust varð sú, að Ósvaldur málaði efstu hæðina og nokkurn hluta kjallarans, en Ludvig aðeins nokkurn hluta kjallarans.

Með tilvísun til framanritaðs verður að telja, að nęgar líkur hafi verið færðar því til sönnunar, að þáttaskipti hafi orðið s. l. sumar að því er varðar málningu í háskólabyggingunni, þannig, að vinnan í september- og októbermánuði s. l. hafi ekki verið unnin samkvæmt verksamningunum frá 4. nóv. 1939. Málarameisturunum bar því sem meðlimum málarameistarafélagsins að taka tillit til 13. gr. oftnefnds kjarasamnings milli félaganna við framkvæmd vinnunnar

og var óheimilt samkvæmt henni, að þeir Ósvaldur og Ludvig ynnu báðir samtímis í háskólabyggingunni hjá sama verkkaupa. Í flutningi málsins deildu aðiljar um það, hvort verkkaupar væru einn eða fleiri, að því er haustvinnuna varðar, en í munnlegum flutningi málsins verða þeir loks ásáttir um það, að verkkaupi hefði raunverulega aðeins verið einn. Telja verður sannað, að þeir Ósvaldur og Ludvig hafi unnið samtímis í nefndri byggingu. Var það brot á 13. gr. oftnefnds sannings milli aðilja máls þessa, er nú er í gildi, og ber því að taka kröfu stefnanda að þessu leyti til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Samkvæmt 13. gr. kjarasamnings þess milli aðilja máls þessa, er gildir frá 1. maí 1940, er óheimilt að fleiri en einn málarameisteri vinni samtímis í sömu byggingu hjá sama verkkaupa, nema um skrásett firma málarameistara sé að ræða, enda séu ekki fleiri en 2 meistarar saman um firmað. Það var því brot á nefndri grein, að málarameistararnir Ósvaldur Knudsen og Ludvig Einarsson unnu samtímis í háskólabyggingunni í síðastliðnum októbermánuði.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 14. desember 1940.

Nr. 4/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði**

gegn

Vinnueitendafélagi Íslands f. h. Íshúsfélags Ísfirðinga.

Deilt um það, hvort tiltekin vinna á Ísafirði falli undir ákvæði kjarasamnings um út- og uppskipunarvinnu.

Dómur.

Í samningi milli verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði og atvinnurekenda þar, dags. 21. maí 1938, segir í 1. gr. e-lið, að kaup karla skuli vera: „Við alla upp- og útskipun nema